

STARFSLEYFI

Norðurbik ehf. – færanleg malbikunarstöð

Kt. 410704-2260

Ægisnesi 2
Akureyri

Starfsleyfið gildir fyrir eftirfarandi starfsemi: **Færanlega malbikunarstöð, Ægisnesi 2, Akureyri.**

Rekstraraðili er Norðurbik ehf., kt. 410704-2260. Ægisnesi 2, Akureyri.

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum..

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum reglugerða sem settar eru samkvæmt fyrrgreindum lögum.

Leyfishafi skal einng hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og meðfylgjandi starfsskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna mengunarvarna fyrir færanlegar malbikunarstöðvar og aðra sambærilega starfsemi.

Starfsleyfið var samþykkt á fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra þann 14. maí 2008 og **gildir til tólf ára eða til 14. maí 2020.**

Starfsleyfið er háð því að farið sé eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, m.a. að virkt innra eftirlit sé í fyrirtækinu.

Við staðsetningu stöðvarinnar utan heimasvæðis ber fyrirtækinu að afla heimildar skipulagsyfirvalda og viðkomandi heilbrigðiseftirlits fyrir staðsetningunni.

Ef breytingar verða á starfseminni skal hafa samráð um það við heilbrigðiseftirlitið og starfsleyfið þá endurskoðað með tilliti til þess. Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Starfsleyfið skal jafnan endurskoðað á fjögurra ára fresti en er auk þess ávallt til endurskoðunar við hverja skoðun heilbrigðiseftirlits á fyrirtækinu.

Akureyri, 30. júní 2008

Valdimar Brynjólfsson
framkvæmdastjóri.